

**199. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.,
haldinn 11. mars 2011, kl. 8:30 að Austurvegi 56.**

Mætt: Gunnar Egilsson, Gunnar Þorgeirsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2011.

Forsendur fjárhagsáætlunar ræddar. Framkvæmdastjóra falið að vinna drög að endurskoðaðri áætlun fyrir næsta fund.

2. Ársreikningur 2010.

Ársreikningur ræddur og framkvæmdastjóra falið að skoða nánar skiptingu kostnaðar milli liða og undirbúa afgreiðslu skoðunarmanna.

3. Bréf frá Árborg, 3. mars 2011.

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir ársreikningi Sorpstöðvar Suðurlands bs, fyrir árið 2010. Ársreikningur SOS fyrir árið 2010 verður sendur til allra aðildarsveitarfélaga þegar skoðunarmenn og stjórn hefur áritað reikninginn.

4. Úrskurður í stjórnarsýslumáli nr. 77/2009.

Farið var yfir úrskurð ráðuneytisins sem kveðin var upp 2. mars 2011. Úrskurðarorðin eru : „*Hafnað er kröfu Íslenska gámafélagsins um að b-liður 2.gr samkomulags Sorpstöðvar Suðurlands bs og SORPU bs. frá 22. maí 2009 sé ólögmatur*“. Úrskurðurinn verður sendur til aðildarsveitarfélaganna.

5. Önnur mál

UST – bréf frá 21. febrúar. Framkvæmdastjóra falið að svara bréfinu.

UST – Útstreymisbókhald. Til kynningar

Málþing um meðferð sorps á Suðurlandi.

Fram er komin hugmynd um málþing um meðferð sorps á Suðurlandi. Þar sem málefnið varðar ekki eingöngu sveitarfélögin á Suðurlandi leggur stjórn SOS til að Samband íslenskra sveitarfélaga gangist fyrir málþingi um sorpmál sveitarfélaga

Frestað til næsta fundar:

Fundargerð verkefnisstjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 11. febrúar

Fundargerð samráðsnefndar sorpsamlaganna 11. janúar

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 17. mars kl 13:00